



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

VOR 2009

VIÐSKIPTAVILD

BREYTINGAR EFTIR
INNLEIÐINGU IFRS



NEMANDI:
SIGURBORG V. REYNISDÓTTIR

LEIÐBEINANDI:
EINAR GUÐBJARTSSON

Staðfesting lokaverkefnis til BS gráðu í viðskiptafræði

Lokaverkefni:

**Viðskiptavild
Breytingar eftir innleiðingu IFRS**

Höfundur: Sigurborg V. Reynisdóttir

Kennitala: 110976-4619

Lokaverkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst
og hefur hlotið lokaeinkunnina _____

Bifröst _____

Deildarforseti

Sigurborg V. Reynisdóttir

Viðskiptavild
Breytingar eftir innleiðingu IFRS

Lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Einar Guðbjartsson



Háskólinn á Bifröst

Vor 2009

Ágrip

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, á frummálinu nefndir International Financial Reporting Standards – IFRS, hafa haft miklar breytingar í för með sér fyrir reikningsskil fyrirtækja. Staðlar þessir eru yfirgripsmiklir og þykja flóknir á köflum en þykja þó nauðsynlegir þegar kemur að því að hafa reikningsskil fyrirtækja samanburðarhæf. Með síaukinni alþjóðavæðingu í viðskiptum er mikilvægt að til staðar sé eitt safn viðurkenndra og alþjóðlega samræmdra staðla. Í ritgerð þessari er fjallað um þrjá staðla IFRS og eiga þeir það sameiginlegt að tengjast allir viðskiptavild á einn eða annan hátt. Einn þeirra fjallar um óefnislegar eignir almennt og nefnist IAS – 38 Óefnislegar eignir, annar um virðisrýrnun eigna og nefnist sá IAS 36 – Virðisrýrnun eigna og sá þriðji um sameiningar fyrirtækja og ber hann nafnið IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja. Leitast er við að varpa ljósi á þær breytingar sem hafa orðið á meðhöndlun viðskiptavildar í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja eftir innleiðingu IFRS ásamt því að velta upp þeirri spurningu sem hefur verið á vörum landsmanna undanfarið en sú spurning varðar hækkandi viðskiptavild. Hvaða helstu ástæður eru fyrir hækkun á viðskiptavild í ársreikningum íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum?

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS prófs í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst. Höfundur er Sigurborg V. Reynisdóttir og var verkefnið unnið á tímabilinu 5. október 2008 til 5. maí 2009. Viðfangsefni ritgerðarinnar er viðskiptavild og meðhöndlun hennar í reikningsskilum íslenskra félaga eftir að alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, IFRS, voru innleiddir hér á landi. Einnig þótti höfundi áhugavert að kanna helstu ástæður fyrir hækkandi viðskiptavild í ársreikningum íslenskra félaga undanfarin ár.

Ritgerðin er unnin í samræmi við reglugerð og almennar kröfur Háskólans á Bifröst varðandi lokaritgerðir til BS prófs.

Undirrituð vill koma á framfæri þökkum til þeirra sem veittu aðstoð á einn eða annan hátt við gerð ritgerðarinnar. Sérstakar þakkir fá Einar Guðbjartsson leiðbeinandi við þessa ritgerð, Kristján Þorsteinsson framkvæmdastjóri hjá Marel og Sigurgeir Gíslason nemandi í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands.

Borgarbyggð, 5. maí 2009

Sigurborg V. Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Aðferðafræði	3
3	Óefnislegar eignir	4
3.1	Hvað telst til óefnislegra eigna?.....	5
3.2	Viðskiptavild.....	7
3.3	Neikvæð viðskiptavild	8
4	Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir – IFRS	9
5	Ísland og IFRS	10
6	IAS 38 – Óefnislegar eignir	12
6.1	Mat á óefnislegum eignum eftir innleiðingu IFRS	12
6.2	Líftími óefnislegra eigna.....	13
6.3	Óefnisleg eign sem verður til innan rekstrareiningar.....	13
7	IAS 36 – Virðisrýrnun eigna	15
7.1	Virðisrýrnun viðskiptavildar	16
8	IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja	18
8.1	Kaupaðferð við sameiningar	18
8.2	Reikningshaldsleg meðferð viðskiptavildar við sameiningu	19
9	Umfang viðskiptavildar hjá íslenskum fyrirtækjum	20
9.1	Viðskiptavild 2007 – Sundurliðun	21
9.2	Viðskiptavild 2008.....	28
10	Marel hf.	29
10.1	Áhrif innleiðingar IFRS á reikningsskil Marel hf.....	29
10.2	Efnahagsreikningur Marel hf. 31.12.2004	31
11	Ástæður fyrir hækkun á viðskiptavild	33
12	Niðurstöður	36
13	Lokaorð	39
14	Heimildaskrá	40



1 Inngangur

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir, skammstafað á ensku IFRS¹, voru innleiddir hér á landi 1. janúar 2005. Héðan í frá verður notast við skammstöfunina IFRS þegar fjallað er um alþjóðlegu reikningsskilastaðlana. Frá innleiðingu IFRS hafa öll íslensk félög með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands þurft að fylgja stöðlunum eftir við gerð og framsetningu ársreikninga sinna. Frá og með 1. janúar 2007 þurfa öll félög að fylgja IFRS hvort sem þau hafa eingöngu skráð skuldabréf eða eingöngu hlutabréf í Kauphöll Íslands eða hvort tveggja. Margt hefur breyst með tilkomu þeirra og dæmi um atriði sem hefur breyst, sem er viðfangsefni ritgerðar þessarar, er meðhöndlun viðskiptavildar í reikningsskilum félaga. Í stað þess að afskrifa hana línulega þá er framkvæmt á henni virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti einu sinni á ári. IFRS staðlarnir eru viðamiklir og oft og tíðum flóknir og virðist flækjustig þeirra sífellt aukast með tilkomu nýrra staðla eða þegar verið er að endurbæta þá staðla sem fyrir eru. Tilgangurinn með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla var að tryggja að fyrirtæki gætu veitt samanburðarhæfar og áreiðanlegar upplýsingar um afkomu sína og efnahag.² Nú á dögum þegar fjármálamarkaðir þjóða eru oft mjög opnir fyrir umheiminum og fyrirtæki ganga kaupum og sölum á milli ríkja er ekki síður mikilvægt að hafa eitt allsherjar regluverk þegar kemur að reikningsskilum fyrirtækja. Fjöldi fyrirtækja sem hefur innleitt IFRS hefur farið sífellt vaxandi frá árinu 2005 ef undanskilið er síðasta ár, 2008, þegar fjöldi fyrirtækja fækkaði úr 170 árið 2007 niður í 92 á árinu 2008.³ Skýringar á þessu geta verið margvíslegar en þær sem teljast líklegastar eru þær að miklar efnahagsþrengingar áttu sér stað á árinu 2008 og einhver félög voru afskráð og önnur urðu gjaldþrota.

Óefnislegar eignir eru einn þáttur sem fjallað er um ítarlega í IFRS og eru það þrír staðlar sem tengjast þeim. Þeir nefnast IAS 36 – Virðisrýrnun eigna (Impairment of Assets), IAS 38 – Óefnislegar eignir (Intangible Assets) og IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja (Business Combinations). Fjallað verður ítarlega um þessa staðla ásamt stuttri umfjöllun um IFRS í heild sinni. Skoðað verður hvaða breytingar hafa orðið á meðhöndlun viðskiptavildar í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja sem hafa innleitt IFRS ásamt því að rýna í nokkrar

¹ Orðskýring: IFRS, International Financial Reporting Standards

² Sigurður Þórðarson. (2004) Bls. 1

³ Ríkisskattstjóri. (e.d.).



ársskýrslur frá árinu 2007 til þess að leitast við að varpa betur ljósi á þá viðskiptavild sem félögin hafa í ársreikningum sínum. Rannsóknarspurningin er tvíþætt og er hún svohljóðandi:

„Hvaða breytingar hafa orðið á meðhöndlun viðskiptavildar í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja eftir innleiðingu IFRS og hverjar eru helstu ástæður fyrir hækkun á henni undanfarin ár?“

Höfundur fjallar fyrst fræðilega um óefnislegar eignir og ítarlega um viðskiptavild og þá þrjá staðla IFRS sem fjalla um óefnislegar eignir sem taldir voru upp hér að framan. Tekið var viðtal við einn af framkvæmdastjórum Marel hf. með það að leiðarljósi að fá betri innsýn í reikningsskil félagsins og hvaða áhrif innleiðing IFRS hafði á þau. Ársskýrsla félagsins fyrir árið 2007 var skoðuð og skýrslur sex annarra félaga einnig til að fá dæmi um viðskiptavild íslenskra félaga og hversu hátt hlutfall hún er annars vegar af heildareignum þeirra og hins vegar af eigin fé þeirra. Að lokum er svo reynt að varpa ljósi á helstu ástæður fyrir þeirri miklu hækkun sem hefur átt sér stað á viðskiptavild íslenskra félaga undanfarin ár.




2 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem stuðst var við við vinnslu ritgerðarinnar. Mikill undirbúningur og skipulag liggja að baki ritgerðar sem þessarar og því var því rannsóknarferli sem sjá má á mynd 1⁴ fylgt í meginatriðum. Verkefnið var skilgreint, afmarkað og út frá því valdi höfundur sér rannsóknarspurningu. Þar næst var lagt mat á þær upplýsingar sem lágu nú þegar fyrir og í kjölfarið var hafist handa við að afla frekari upplýsinga er tengjast efni ritgerðarinnar. Við heimildaöflun var stuðst við hvort tveggja frumheimildir og afleiddar heimildir. Við úrvinnslu á fræðilegum köflum skýrslunnar var stuðst við afleiddar heimildir, en það eru gögn sem aðrir rannsakendur hafa safnað og skráð. Afleiddar heimildir voru fengnar úr fræðibókum og skýrslum er tengjast efni ritgerðarinnar ásamt greinum úr fagtímaritum og jafnframt af veraldarvefnum.

Mikil áhersla var lögð á það við vinnslu ritgerðarinnar að virða þau fræði og þær hugmyndir sem koma fram í afleiddum heimildum. Frumheimildir eru þær heimildir sem skapast við rannsóknina sjálfa og hafa ekki komið fram áður.⁵ Viðtöl teljast til frumheimilda⁶ og aflaði höfundur sér gagna á þann hátt við vinnslu ritgerðarinnar. Kostir viðtala við heimildaöflun eru helst þeir að hægt er að laga spurningar að aðstæðum eftir þörfum og kafa þannig dýpra í viðfangsefnið á þann hátt sem höfundur vill. Einnig er hægt að leiðrétta misskilning sem upp kann að koma jafnóðum. Helstu gallar eru þeir að persónulegar skoðanir þess er tekur viðtalið geta haft áhrif á niðurstöður en gæta verður hlutleysis og jafnframt er mikilvægt að vekja traust hjá viðmælanda.

Höfundur tók viðtal við Kristján Þorsteinsson, framkvæmdastjóra hjá Marel hf. til að fá raunhæft dæmi úr íslensku atvinnulífi og kynnti sér einnig ársskýrslur þeirra sjö fyrirtækja sem nefnd eru í ritgerðinni. Höfundur vann síðan úr þeim upplýsingum sem hann aflaði sér og í lok ritgerðar eru niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningu svarað.



Mynd 1. Rannsóknarferli.

⁴ Kotler, P. og Keller, K. L. (2006). Bls. 103

⁵ Sekaran. (2000). Bls. 59

⁶ Sekaran. (2000). Bls. 57



3 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru þær eignir fyrirtækja sem ekki eru peningalegs eðlis og eru þær ýmiss konar réttindi, einkaréttur og samkeppnisyfirburðir sem verða til vegna eignarhalds á langtíma eign sem er óefnisleg.⁷ Skilgreining á óefnislegum eignum er þannig að hún er ópeningaleg eign sem þarf að vera aðgreinanleg, sem merkir að það verður að vera hægt að aðgreina hana frá viðskiptavild. Viðskiptavild er þá ekki aðgreinanleg eign þar sem hún myndast við kaup á fyrirtækjum og er innifalin í greiðslunni frá kaupandanum. Kaupandinn væntir verðmæta frá eignum sem ekki er mögulegt að aðgreina sérstaklega.⁸

Óefnislegar eignir geta verið mjög verðmætar í fyrirtækjum og jafnvel með þeim verðmætustu og fer það eftir starfsemi fyrirtæksins.⁹ Sem dæmi mætti nefna fyrirtæki eins og ráðgjafafyrirtæki eða endurskoðunarstofur, þar sem þekking og reynsla starfsfólksins eru verðmætustu eignir þess og teljast þær til óefnislegra eigna.

Óefnislegar eignir geta orðið til með eftirfarandi hætti:

1. Heimildir frá yfirvöldum á borð við einkaleyfi, höfundarrétti, einkaumboð, vörumerki og vöruheiti.¹⁰
2. Fengin viðskiptavild þegar fyrirtæki er keypt í heild sinni þar sem viðskiptavildin er innifalin í kaupverðinu.¹¹
3. Einokunartilburðir sem koma fram í samningum milli einkaaðila til dæmis í gegnum vörumerki og leigu á þeim.¹²
4. Óefnislegar eignir geta orðið til innan rekstrareiningar en það eru ákveðin skilyrði sem þarf að uppfylla svo hægt sé að færa þær sem óefnislegar eignir. Til að meta hvort eignirnar uppfylli skilyrði fyrir færslu þarf að flokka þær í rannsóknarstig og þróunarstig.¹³ Nánar verður fjallað um þennan lið í kafla 6 sem fjallar um staðal IAS 38 – Óefnislegar eignir í IFRS.

⁷ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007) Bls. 441

⁸ KPMG. (2005). Bls. 133

⁹ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007) Bls. 441

¹⁰ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007) Bls. 441

¹¹ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007) Bls. 441

¹² Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007) Bls. 441

¹³ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 300-301



Þó erfitt geti reynst að meta þá framtíðar tekjumöguleika sem felast í óefnislegum eignum fyrirtækja þá eru óefnislegar eignir, eins og þekking og hugvit, farnar að skipta sífellt meira máli við mat á verðmæti fyrirtækja og framtíðarmöguleikum þeirra. Vandinn liggur í því að erfitt er að meta eignina til fjár, hvort sem um er að ræða einkaleyfi, menntun og hæfni starfsmanna, reynslu, vinnuferla, tækniþekkingu eða viðskiptasambönd.¹⁴ Fyrirtæki eru þó í sívaxandi mæli að gera sér grein fyrir mikilvægi þekkingar og stjórnunar hennar með það að leiðarljósi að gera hana arðsama fyrir fyrirtækið.

3.1 Hvað telst til óefnislegra eigna?

Óefnislegar eignir fyrirtækja geta verið margvíslegar en skipta má þeim upp í nokkra flokka eftir eðli þeirra. Markaðstengdar óefnislegar eignir geta verið vörumerki, lén og þjónustumerki og dæmi um viðskiptamannatengdar óefnislegar eignir eru viðskiptamannalistar, viðskiptasamningar, staðfestar pantanir og tengsl við viðskiptavini.¹⁵ Samningstengdar óefnislegar eignir eru svo leigusamningar, byggingaleyfi, starfssamningar, auglýsingasamningar og þjónustusamningar¹⁶ svo nokkur dæmi séu nefnd. Tveir síðustu flokkarnir eru tæknitengdar óefnislegar eignir sem eru til að mynda einkaleyfi, gagnagrunnar, hugbúnaður og viðskiptaleyndarmál ýmiss konar og listtengdar óefnislegar eignir en það geta verið kvikmyndir, listviðburðir, ljósmyndir og tónverk.¹⁷ Hér á eftir fer nánari skýring á nokkrum tegundum óefnislegra eigna.

- **Einkaleyfi** eru einkaréttindi sem gefa fyrirtæki rétt til þess að framleiða, selja eða ráða yfir uppfinningu sinni í allt að 20 ár frá þeim degi sem einkaleyfið er veitt.¹⁸ Uppfylla þarf nokkur skilyrði áður en einkaleyfi er fengið og þau eru að uppfinningin sé ný, frumleg og hæf til framleiðslu. Ekki má vera búið að kynna hana í ræðu eða riti áður en sótt er um.¹⁹ Því hefur verið fleygt að einkaleyfi séu eingöngu jafn mikils virði og það fjármagn sem viðkomandi einkaleyfishafi er tilbúinn til þess að eyða til að verja leyfið. Þá er verið að vísa til þess að það geta verið aðilar sem telja sig eiga rétt á uppfinningunni eða hafi komið fram með hugmyndina fyrst. Þá getur einkaleyfishafinn þurft að eyða

¹⁴ Háskólinn í Reykjavík. (2006).

¹⁵ Sjónarhóll, 7. tbl. (2005). Bls. 20

¹⁶ Sjónarhóll, 7. tbl. (2005). Bls. 20

¹⁷ Sjónarhóll, 7. tbl. (2005). Bls. 20

¹⁸ Kimmel, Weigandt, Kieso. (2007). Bls. 442

¹⁹ Einkaleyfastofan. (e.d.). A



fjármunum í lögfræðikostnað til að verja uppfinningu sína. Sá kostnaður, ásamt upprunalega kostnaðinum við að fá einkaleyfið, er bókfærður og afskrifaður yfir líftíma einkaleyfisins.²⁰

- **Útgáfuréttur** er gefinn af yfirvöldum og veitir eiganda einkarétt á að gefa út og selja verk sín. Útgáfuréttur er veittur eiganda til lífstíðar auk 70 ára til viðbótar. Eins og með einkaleyfi þá getur eigandi útgáfuréttar þurft að verja þann rétt sinn með tilheyrandi lögfræðikostnaði en ef ekki kemur til þess þá er kostnaður yfirleitt tiltölulega lágur.²¹
- **Vörumerki og vöruheiti.** Þetta eru orð, setningar, lagstúfar eða tákni sem notuð eru til að aðgreina eða þekkja ákveðna vöru eða fyrirtæki.²² Hægt er að skrá vörumerki hjá Einkaleyfastofunni og gildir skráningin í 10 ár og hægt er að endurnýja skráninguna eins oft og eigandi merkisins óskar.²³ Ef fyrirtæki kaupir vörumerki er kaupverðið kostnaðurinn en ef fyrirtæki þróar vörumerkið sjálf þá er kostnaðurinn margþættur. Hann getur verið kostnaður við skráningu vörumerkisins, lögfræðikostnaður, hönnunarkostnaður og annar kostnaður sem tengist beint verndun vörumerkisins. Þar sem vörumerki hafa ótakmarkaðan líftíma eru þau ekki afskrifuð.²⁴
- **Viðskiptasérleyfi** er samningur þar sem sérleyfisgjafi veitir sérleyfistaka rétt á að selja ákveðna vöru eða þjónustu, eða nota ákveðið vörumerki, gegn ákveðnu gjaldi.²⁵ Venjulega er greidd ein föst upphæð í byrjun og síðar er greitt leyfisgjald reglulega. Gjald þetta er oftast hlutfallsleg greiðsla og fer eftir veltu fyrirtækisins. Þessu samstarfi er lýst í samningi sem báðir aðilar undirrita og þarf sérþekking sérleyfisgjafans að vera skráð í handbók sem er nokkurs konar biblíja fyrirtækisins. Þar þarf að koma fram lýsing á öllu sem viðkemur sérleyfinu.²⁶ Það er hægt að veita viðskiptasérleyfi í ákveðinn eða óákveðinn tíma.²⁷

²⁰ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 442-443

²¹ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 443

²² Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 443

²³ Einkaleyfastofan. (e.d.). B

²⁴ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 443

²⁵ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 443-444

²⁶ Samtök verslunar og þjónustu. (e.d.).

²⁷ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 444



- **Viðskiptavild** er oftast stærsta óefnislega eignin sem fram kemur í efnahagsreikningum fyrirtækja. Viðskiptavild fyrirtækis getur staðið fyrir ýmislegt, til dæmis árangursríka stjórnun, góða starfsmenn, vörumerki, orðspor fyrirtækis, góð viðskiptatengsl, gott lánstraust og gott samband við stéttarfélög svo fátt eitt sé nefnt.²⁸ Viðskiptavild er ólík öðrum eignum að því leyti að ekki er hægt að kaupa og selja hana eina og sér. Hún er seld með fyrirtæki í heild sinni. Annað sem gerir viðskiptavild einstaka er að hún er ekki skráð fyrir en fyrirtæki er selt í heild sinni,²⁹ þangað til er hún dulin eign fyrirtækisins. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði fyrirtækis og verðmæti eigna þess, jafnt efnislegra sem óefnislegra.³⁰ Þeim fyrirtækjum, sem skráð eru í Kauphöll Íslands, og þurfa þar af leiðandi að fylgja IFRS, ber að gera virðisrýrnunarpróf á eigninni að lágmarki einu sinni á ári og færa hana niður ef þörf er á.³¹

3.2 Viðskiptavild

Þegar eitt félag kaupir annað félag á hærra verði en sem nemur verðmæti eigna þess er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Viðskiptavild er því afgangsstærð þegar búið er að draga verðmæti allra eigna félagsins frá kaupverði þess. Mat þetta á að taka mið af markaðsverðmæti eigna á þeim tíma sem kaupin eiga sér stað og því þarf að meta hverja eign sérstaklega. Í mörgum tilvikum er hægt að miða við bókfært verð eigna en markaðsverð skal ráða ef bókfært verð er annað en það. Oft getur reynst erfitt að ákvarða verðmæti ýmissa eigna þar sem þær hafa ekki gengið kaupum og sölum og þar af leiðandi reynist einnig erfitt að meta verðmæti viðskiptavildar. Í þeim tilvikum þar sem markaðsverð liggur ekki fyrir og ástæða er til að ætla að það sé annað en bókfært verð þarf að fá sérfróða aðila til að aðstoða við matið.³²

Sú staða getur komið upp að kaupverðið sé lægra og þá skal tekjufæra mismuninn í rekstrarreikningi.³³ Þá er talað um neikvæða viðskiptavild. Fyrir innleiðingu IFRS, var viðskiptavild afskrifuð á allt að 20 árum samkvæmt 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Frá 1. janúar 2005 ber félögum, sem skráð eru í Kauphöll Íslands, skylda til að framkvæma

²⁸ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 444

²⁹ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 444

³⁰ Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). Bls. 445

³¹ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427

³² Jón Ásgeir Tryggvason. (1998).

³³ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427



virðisrýrnunarpróf við mat á viðskiptavild og eru slík próf framkvæmd að minnsta kosti árlega óháð því hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun eður ei.³⁴ Nánar verður fjallað um virðisrýrnunarpróf í kafla 7 sem fjallar um staðal IAS 36 – Virðisrýrnun eigna í IFRS.

3.3 Neikvæð viðskiptavild

Neikvæð viðskiptavild verður til ef kaupverð er lægra en verðmæti eigna þess. Þá er oft talað um vildarkjör eða kjarakaup.³⁵ Þegar um er að ræða ótengda/óskylda aðila (*e. arm's-length business acquisition*) er niðurstaðan oftast hvorugum aðilanum í vil og líkurnar á því að yfirtökuaðilinn geri kjarakaup eru litlar sem engar. Í staðlinum segir að ef um er að ræða greinilegt dæmi um kjarakaup, þar sem neikvæð viðskiptavild myndast, þá hefur það í flestum tilfellum verið afleiðing af skekkjum í útreikningum eða vegna mistaka við að bera kennsl á hugsanlegar eða raunverulegar skuldbindingar hins yfirtekna félags.³⁶ Hins vegar getur neikvæð viðskiptavild átt rætur sínar að rekja til hættu á tapi í framtíðinni þar sem báðir aðilar eru meðvitaðir um þessa hættu og gera ráð fyrir henni í verði viðskiptanna.³⁷ Nánar verður fjallað um staðal IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja í kafla 8.

³⁴ Sjónarhóll, 6. tbl. (2005). Bls. 22

³⁵ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427

³⁶ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427

³⁷ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427



4 Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir – IFRS

Þann 19. júlí 2002 samþykktu Evrópuþingið og Evrópuráðið reglugerð nr.1606/2002 sem fjallar um það að öll félög sem skráð eru í kauphöllum í einhverju aðildarríkjanna skuli ganga frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn alþjóðlega viðurkenndra reikningsskilastaðla í háum gæðaflokki. Staðlar þessir eru nefndir IFRS sem er skammstöfun fyrir International Financial Reporting Standards en hafa á íslensku verið nefndir alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir. Tilgangurinn með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla var að tryggja að fyrirtæki myndu veita skiljanlegar, mikilvægar, samanburðarhæfar og áreiðanlegar upplýsingar um afkomu sína og efnahag. Helstu markmið eru að stuðla að skilvirkum og kostnaðarhagkvæmum fjármagnsmarkaði, auka samanburðarhæfni fyrirtækja, viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum og vernda hagsmuni fjárfesta.³⁸ Alþjóða reikningsskilaráðið (*e. International Accounting Standards Board*) ber ábyrgð á samningu og þróun reikningsskilastaðlanna.³⁹

³⁸ Sigurður Þórðarson. (2004). Bls. 2

³⁹ Sigurður Þórðarson. (2004). Bls. 1



5 Ísland og IFRS

Reglugerðin hefur lagalegt gildi hér á landi í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, EES. Með innleiðingu IFRS á Íslandi má segja að í fyrsta sinn hafi verið komið á fót hér á landi heildstæðu regluverki fyrir reikningsskil fyrirtækja.⁴⁰ Frá 1. janúar 2005 hafa öll íslensk fyrirtæki sem eru með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands þurft að fylgja IFRS. Frá 1. janúar 2007 gildir það sama um þau félög sem hafa skráð skuldabréf sín Kauphöll Íslands. Þó eru ekki allir á eitt sammála um ágæti þessara staðla og erfitt getur reynst að fylgja eftir þeim öru breytingum sem sífellt er verið að gera. Kröfur um upplýsingagjöf til fjárfesta og almennings eru gríðarlega miklar og þykir mörgum nóg um og jafnvel að það gangi út í öfgar. Flækjustigið eykst stöðugt og umfang staðlanna er það mikið að fáir hafa heildarsýn yfir þá alla.

Eins og fram hefur komið þurfa öll íslensk félög sem eru með skráð hlutabréf eða skuldabréf í Kauphöll Íslands í dag að færa reikningsskil sín að fullu í samræmi við IFRS. Einnig hafa ýmis óskráð félög óskað eftir heimild til að beita stöðlunum þar sem margir kostir geta fylgt því.⁴¹ Eftirfarandi er dæmi um þessa kosti:

- Íslensk félög hafa í auknum mæli verið að fjárfesta í erlendum dótturfélögum sem beita hinum ýmsu reikningsskilareglum. Við innleiðingu staðlanna er farið yfir reikningsskil félaga innan samstæðunnar og dregnar fram IFRS tölur fyrir hvert og eitt félag. Með því er lagður grunnur að samræmingu á reikningsskilareglum samstæðu.
- Auðveldar samskipti við lánastofnanir, sér í lagi erlendar sem ekki þekkja íslenskar reikningsskilareglur.
- Erlendir hluthafar og stjórnendur hafa komið til liðs við íslensk félög á undanförunum árum og þeir aðilar þurfa að geta lesið og skilið þær reikningsskilareglur sem félög beita.
- Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli farin að bera sig saman við alþjóðleg fyrirtæki sem oft og tíðum hafa innleitt IFRS. Það stuðlar því að betri samanburðarhæfni þegar borin eru saman fyrirtæki sem beita sömu reglum við reikningsskil sín.⁴²

Á árinu 2007 voru 170 íslensk félög sem fylgdu IFRS og hafði sá fjöldi farið stighækkandi frá 2005. En þeim fór svo fækkandi á árinu 2008 þar sem eingöngu 92 fyrirtæki fylgdu IFRS.⁴³ Má

⁴⁰ Sigurður Þórðarson. (2004). Bls. 2-3

⁴¹ Erling Tómasson. (2008).

⁴² Erling Tómasson. (2008).



rekja það til þeirra miklu efnahagsþrenginga sem urðu á árinu 2008. Sum félög voru afskráð og einnig varð fjöldi félaga gjaldþrota.

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á reikningskilum þeirra fyrirtækja sem innleitt hafa IFRS. Fjallað verður nánar um þá staðla er tengjast óefnislegum eignum í köflum 6 - 8 en þeir staðlar eru IAS 38 sem fjallar um óefnislegar eignir og IAS 36 sem fjallar um virðisrýrnun eigna. Einnig verður staðall IFRS 3, sem fjallar um sameiningar fyrirtækja, skoðaður.

⁴³ Ríkisskattstjóri. (e.d.).



6 IAS 38 – Óefnislegar eignir

Staðall IAS 38 fjallar um óefnislegar eignir. Ný útgáfa af honum tók gildi 31. mars 2004 en hér á landi tók hann gildi 1. janúar 2005 ásamt öðrum greinum IFRS. Hann fjallar einnig um reikningshaldslega meðferð óefnislegra eigna sem myndast við sameiningar fyrirtækja, eins og viðskiptavild. Samkvæmt staðlinum þarf óefnisleg eign að vera aðskiljanleg en það merkir að hægt sé að skilja hana frá starfseminni til dæmis með því að selja hana, flytja, leigja eða skipta út.⁴⁴ Einnig kemur fram í staðlinum að óefnisleg eign verði til vegna lögbundins eða sammingsbundins réttar og þá skiptir ekki máli hvort hún er aðskiljanleg eður ei.⁴⁵ Þannig er viðskiptavild sem myndast til dæmis við sameiningar fyrirtækja í raun greiðsla frá kaupanda og væntir hann efnahagslegra verðmæta frá henni. Einnig þarf óefnislega eignin að mynda efnahagslegan framtíðarávinning og rekstrareiningin þarf að hafa yferráð yfir eigninni.⁴⁶

Óefnisleg eign skal upphaflega metin á kostnaðarverði. Kostnaðarverð hennar er kaupverðið, að meðtöldum sköttum og tollum að frádregnum afsláttum, og allur annar beinn kostnaður við að koma óefnislegu eigninni í það ástand að hún geti aflað rekstrareiningunni tekna. Hana skal færa til eignar eingöngu ef það er líklegt að væntur efnahagslegur framtíðarávinningur vegna hennar komi til með að renna til rekstrareiningarinnar og unnt sé að meta kostnaðarverð óefnislegu eignarinnar með áreiðanlegum hætti.⁴⁷

6.1 Mat á óefnislegum eignum eftir innleiðingu IFRS

Samkvæmt staðli IAS 38 – Óefnislegar eignir eru tvær aðferðir sem koma til greina við að meta óefnislega eign og færslu hennar í efnahagsreikning, kostnaðarlíkanið (*e. cost model*) og endurmatslíkanið (*e. revaluation model*). Í kostnaðarlíkaninu er óefnisleg eign metin á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun, ef hún hefur orðið.⁴⁸ Nánar verður fjallað um virðisrýrnun eigna í kafla 7.

Endurmatslíkanið metur óefnislegar eignir á gangverði á endurmatsdegi að frádregnum síðari afskriftum og virðisrýrnun. Endurmat þarf að fara fram reglulega og virkur markaður þarf að vera til staðar fyrir óefnislegu eignina. Ef hún hækkar við endurmat ber að færa hækkunina á

⁴⁴ Deloitte IAS PLUS. (e.d.).

⁴⁵ Sjónarhóll, 7. tbl. (2005). Bls. 20

⁴⁶ Deloitte IAS PLUS. (e.d.).

⁴⁷ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 434

⁴⁸ Deloitte IAS PLUS. (e.d.).



endurmatsreikning og samkvæmt staðlinum má tekjufæra aukninguna í rekstrarreikningi að því marki sem áður var búið að gjaldfæra hana í rekstrarreikningi. Ef hins vegar er um lækkun á eign að ræða er hún færð í rekstrarreikning. En ef búið var að færa sérstakan endurmatsreikning vegna hækkunar á eigninni þá má færa lækkunina á þann reikning að svo miklu leyti sem hann dugur.⁴⁹

6.2 Líftími óefnislegra eigna

Líftími óefnislegra eigna getur bæði verið takmarkaður og ótakmarkaður. Takmarkaður líftími merkir að eignin nýtist rekstrareiningunni einungis í takmarkaðan tíma. Afskrifa skal þess háttar eignir á kerfisbundinn hátt yfir nýtingartíma eignarinnar annað hvort með línulegri afskrift eða með annars konar afskriftaðferð sem er þá ákveðin í samræmi við eðli eignarinnar. Afskriftartímabilið skal endurskoða að minnsta kosti einu sinni á ári.⁵⁰

Ótakmarkaður líftími óefnislegrar eignar merkir að það er ekki hægt að segja til um þann tíma sem vænst er að eignin skili tekjum fyrir rekstrareininguna. Ekki skal afskrifa eign sem hefur ótakmarkaðan líftíma.⁵¹ Viðskiptavild er eign sem hefur ótakmarkaðan líftíma.⁵² Í stað þess að afskrifa þess háttar eignir skal framkvæma virðisrýrnunarpróf og skal framkvæma það að minnsta kosti árlega. Það getur þurft að framkvæma það oftast ef það eru merki um að virðisrýrnun eignar hafi átt sér stað.⁵³

6.3 Óefnisleg eign sem verður til innan rekstrareiningar

Í skilningi IAS 38 – Óefnislegar eignir er viðskiptavild sem verður til innan rekstrareiningar ekki eign.⁵⁴

Það þarf að flokka óefnislegar eignir í rannsóknarstig og þróunarstig til að hægt sé að leggja mat á það hvort þær uppfylli skilyrði fyrir færslu sem viðskiptavild. Mestu máli skiptir að meta hvort eignin muni skapa væntan efnahagslegan framtíðarávinning fyrir rekstrareininguna.⁵⁵

⁴⁹ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). A

⁵⁰ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). A

⁵¹ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). A

⁵² Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 315

⁵³ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 315

⁵⁴ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 299

⁵⁵ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 301-302



- **Rannsóknarstig** – á þessu stigi er ekki mögulegt fyrir rekstraeiningu að sanna það að óefnislega eignin komi til með að skila væntum efnahagslegum framtíðarávinningi og því skal gjaldfæra kostnaðinn og engin eignamyndun verður í efnahagsreikningi.⁵⁶
- **Þróunarstig** – á þessu stigi má eignfæra ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Þau skilyrði eru að rekstrareiningin geti sýnt fram á að tæknin til að klára málið sé til staðar og að hún ætli sér að klára málið. Einnig þarf félagið að hafa hæfni til að selja eða nota eignina og sýna fram á væntan efnahagslegan framtíðarávinning. Að auki þarf rekstrareiningin að sýna fram á að tækni, fjármagn og aðrar auðlindir séu til staðar til að klára þróun eignarinnar. Að lokum þarf hún að sýna fram á getu til að meta þau gjöld sem tilheyra eigninni meðan á þróun hennar stendur með áreiðanlegum hætti.⁵⁷

⁵⁶ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 301-302

⁵⁷ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 301-302



7 IAS 36 – Virðisrýrnun eigna

Þann 31. mars 2004 tóku gildi breytingar á staðli IAS 36 – Virðisrýrnun eigna og skal hann notaður á viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir sem til verða við yfirtöku félaga frá og með þessum tíma. Einnig skal hann notaður á aðrar eignir við gerð ársreikninga fyrir tímabil sem hefjast 31. mars 2004 eða síðar.⁵⁸ Eignir þessar geta verið land, byggingar, tæki, fjárfestingar í dótturfélögum og hlutdeildarfyrirtækjum.⁵⁹ Þessar nýjungar tóku gildi hér á landi þann 1. janúar 2005 og gilda fyrir öll skráð félög í Kauphöll Íslands.⁶⁰

Meta skal á uppgjörssdegi hvort raunverulegar vísbendingar séu um að eign hafi rýrnað í verði. Kanna skal vísbendingar út frá ytri þáttum ásamt innri. Ytri vísbendingar eru:

- Markaðsverð eignar hefur lækkað umfram það sem eðlilegt getur talist
- Neikvæðar breytingar í tæknilegu, lagalegu, efnahags- eða markaðsumhverfi eignar
- Hækkun á markaðsvöxtum
- Hlutabréfaverð félagsins er lægra en bókfært verð⁶¹

Innri upplýsingar eru:

- Vísbendingar um úreldingu eignar eða tjón á eign
- Eignin er hluti af endurskipulagningu í rekstrinum sem hefur neikvæð áhrif á notkunarmöguleika hennar eða er komin í söluferli
- Verri rekstrarárangur en búist var við⁶²

Hafa ber í huga að ofangreindur listi er ekki tæmandi. Vísbendingar um virðisrýrnun eignar geta verið merki um að endurskoða þurfi líftíma eignar, afskriftaraðferð eða virði eignar í lok líftímans og jafnvel gera breytingar þar á.⁶³

Eign er sögð hafa rýrnað í verði ef endurheimtanlegt verð hennar er lægra en bókfært verð. Endurheimtanleg verð eignar er annað hvort hreint söluverð eignar að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði hennar. Auðveldara er að nálgast hreint söluvirði eignar en í þeim tilfellum þar sem það er ekki hægt, til dæmis ef ekki er virkur markaður fyrir eignina, þá telst

⁵⁸ KPMG. (2005). Bls. 126

⁵⁹ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). B

⁶⁰ Sjóðarhóll, 6. tbl. (2005). Bls. 22

⁶¹ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). B

⁶² Deloitte IAS PLUS. (e.d.). B

⁶³ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). B



endurheimtanlegt verð eignar vera nýtingarvirði hennar.⁶⁴ Nýtingarvirði eignar er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar. Við útreikning á nýtingarvirði þarf einnig að taka tillit til væntinga um mögulegt flókt í framtíðarsjóðstreymi og tímavirði peninga.⁶⁵

Ef við virðisrýrnunarpróf kemur í ljós að bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanlegt verð hennar þá hefur eignin orðið fyrir virðisrýrnun og þá skal færa þá rýrnun til gjalda í rekstrarreikningi.⁶⁶ Frá því að IFRS staðlarnir tóku gildi hér á landi hafa íslensk fyrirtæki mjög lítið þurft að færa viðskiptavild niður eftir virðisrýrnunarpróf en í ljósi breyttra markaðsaðstæðna má leiða líkum að því að þess háttar niðurfærsla geti átt eftir að færast í aukana.

7.1 Virðisrýrnun viðskiptavildar

Eins og áður hefur komið fram þarf að gera virðisrýrnunarpróf einu sinni á ári á viðskiptavild.⁶⁷ Það getur þurft að framkvæma prófið oftari ef grunur er um virðisrýrnun eignar. Þar sem viðskiptavild ein og sér skilar ekki sjóðstreymi þá skal úthluta henni á allar þær fjárskapandi rekstrareiningar (*e. cash generating units*) sem stjórn fyrirtækisins telur að muni njóta ávinnings af sameiningunni. Fjárskapandi rekstrareiningar eru minnsti aðgreinanlegi eða skilgreinanlegi flokkur eigna sem skilar innstreymi handbærs fjár. Þær eru að stærstum hluta óháðar innstreymi handbærs fjár frá öðrum flokkum eigna innan sama félags.⁶⁸ Mjög mikilvægt er að úthluta viðskiptavild á réttar rekstrareiningar þar sem virðisrýrnun er færð miðað við hverja einstaka einingu. Ef úhlutun er röng getur sú staða komið upp að gjaldfæra þurfi virðisrýrnun óháð því hvort aðrar rekstrareiningar séu metnar yfir bókfærðu verði. Mikilvægt er að gera virðisrýrnunarpróf á sama tíma á hverju ári en það er hægt að gera prófið á misjöfnum tíma fyrir einstakar rekstrareiningar. Á fyrsta ári sem viðskiptavild myndast skal þó prófa hana áður en reikningsárinu lýkur. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er heimilt að notast við nýlegt mat á viðskiptavild ef það er verulega yfir bókfærðu verði. Við gerð virðisrýrnunarprófs á viðskiptavild

⁶⁴ Halldór Arason (2005).

⁶⁵ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 127

⁶⁶ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 127

⁶⁷ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 427

⁶⁸ Halldór Arason. (2005).



er áætlað framtíðarsjóðstreymi rekstrareiningar núvirt. Taka skal tillit til óvissu og skal sjóðstreymið byggjast á nýjustu áætlunum.⁶⁹

Virðisrýrnun viðskiptavildar skal færð til gjalda í rekstrarreikningi. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun sem áður hefur verið gjaldfærð vegna viðskiptavildar.⁷⁰ Ef virði viðskiptavildar hefur rýrnað að fullu er ekki leyfilegt að færa hana aftur inn sem eign. Í ljósi þessa er umhugsunarvert að ekki er hægt að meta viðskiptavild eina og sér og að hægt er að láta viðskiptavild sem verður til innan rekstrareiningar koma í stað hennar eftir að yfirtakan eða samruninn hefur átt sér stað. En ekki skal bókfæra viðskiptavildina sem verður til innan rekstrareiningarinnar.⁷¹

Þeir kostir sem nefndir hafa verið við þessa breytingu á aðferð við mat á viðskiptavild eru helstir þeir að eigendur og lánardrottmar fá betri upplýsingar um hvers virði eignir félaganna eru og virðisrýrnunarprófið leiðir fyrir í ljós ofmat við yfirtöku félaga og er það gjaldfært strax. Áður var ofmatið gjaldfært á mörgum árum í formi afskrifta á viðskiptavild. Ókostir þeir sem nefndir hafa verið eru að virðisrýrnunarpróf er erfitt í framkvæmd þar sem gefa þarf sér forsendur um framtíðina og þurfa því mörg félög að fá utanaðkomandi aðila til að gera prófið sem oft og tíðum er mjög kostnaðarsamt.⁷² Þær forsendur sem aðilar þurfa að gefa sér eru meðal annars horfur um hagvöxt, verðlagsþróun, áætlaður vöxtur atvinnugreinarinnar og áætlaður vöxtur rekstrareiningarinnar sem viðskiptavildinni var úthlutað á.⁷³ Aðrir ókostir eru þeir að skortur er á reynslu og að hætta er á að ekki sé til staðar næg kunnátta á vinnslu slíkra prófa þar sem ekki eru mörg ár síðan þau voru tekin upp hér á landi. Prófin byggjast einnig að miklu leyti á væntu framtíðarsjóðstreymi og því eykur það hættu á skekkjum við útreikninga.

⁶⁹ Sjónarhóll, 6. tbl. (2005). Bls. 22

⁷⁰ Sjónarhóll, 6. tbl. (2005). Bls. 22

⁷¹ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 424

⁷² Sjónarhóll, 6. tbl. (2005). Bls. 23

⁷³ Anna G. Tryggvadóttir, Erling Tómasson. (2009). Bls. 18



8 IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja

IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja tók gildi 1. mars 2004 og er markmið staðalsins að segja til um hvaða reikningsskilaaðferðum skal beitt við sameiningu fyrirtækja. Sameining fyrirtækja er skilgreind sem sameining aðskildra eininga eða fyrirtækja í eina sameiginlega uppgjörseiningu⁷⁴ og gildir staðallinn eingöngu um þess háttar sameiningar. Þannig nær staðallinn ekki til sameininga eininga eða fyrirtækja á sviði hlutdeildarfyrirtækja (*e. joint venture*), sameininga eininga eða fyrirtækja sem eru undir sameiginlegum yferráðum, sameininga tveggja eða fleiri gagnkvæmra eininga eða sameininga eininga eða fyrirtækja sem eru eingöngu að sameinast í þeim tilgangi að geta sett fram sameiginlegan ársreikning án þess að eignast beinan eignarhlut í hvort öðru. Að vísu fellur sameining fyrirtækja undir sameiginlegum yferráðum undir skilgreiningu staðalsins sem sameining þegar sameinuðu félögin eru undir yferráðum sama aðila fyrir og eftir sameininguna og ef ekki er um skammtíma eignarhald að ræða.⁷⁵

8.1 Kaupaðferð við sameiningar

Færa skal sameiningu fyrirtækja samkvæmt kaupaðferð og felur hún í sér þrjú skref. Þau eru skilgreining á yfirtökuaðila, mat kostnaðar vegna sameiningar og skipting kostnaðar niður á keyptar eignir, yfirteknar og óvissar skuldir á yfirtökudegi. Skilgreining á yfirtökuaðila þarf að vera til staðar við sameiningu fyrirtækja en erfitt getur verið að skilgreina hver hann er þegar um er að ræða sameiningu félaga sem eru svipuð að stærð. Yfirtökuaðili er sá sem viðheldur völdum í sameinaða félaginu. Til þess að skilgreina þann aðila þarf að horfa til þess hver hefur meirihluta atkvæðaréttar í hinu nýja félagi, hver hefur vald til að skipa eða reka meirihluta stjórnar og hver hefur vald yfir rekstrar- og fjárhagsstefnu hins sameinaða félags. Þegar skilgreining á yfirtökuaðila hefur átt sér stað er komið að skrefi tvö en það er mat á þeim kostnaði sem fellur til við sameininguna. Sá kostnaður er samtalan af gangvirði eigna sem eru látnar af hendi, yfirtekinna skulda og hlutafé sem gefið er út af kaupandanum í skiptum fyrir yferráð í yfirtekna félaginu á yfirtökudegi, að viðbættum beinum kostnaði við sameininguna. Ef greiðslur frestast fram yfir yfirtökudag þarf að núvirða þær að teknu tilliti til yfirverðs og affalla. Beinn kostnaður við sameiningu getur verið kostnaður vegna lögfræðinga, endurskoðenda og annarra sérfræðinga.

⁷⁴ Deloitte IAS PLUS. (e.d.). C

⁷⁵ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 6



En kostnaður vegna útgáfu skuldabréfa og hlutabréfa í tengslum við sameininguna telst ekki beinn kostnaður vegna hennar.⁷⁶

Þriðja skrefið samkvæmt kaupaðferðinni er skipting kostnaðar en á yfirtökudegi skal yfirtökuaðili ráðstafa kostnaðinum vegna sameiningarinnar á skilgreinanlegar eignir, skuldir og óvissar skuldir og miða skal við gangvirði þeirra á degi yfirtökunnar. Yfirtökuaðili skal færa sérstaklega hverja aðgreinanlega eign, skuld og óvissa skuld félagsins sem yfirtekið er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði eru eftirfarandi:

1. Að það sé líklegt, í tilviki eigna annarra en óefnislegra, að tengdur efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til yfirtökuaðila og að hægt sé að meta gangvirði eignarinnar á áreiðanlegan hátt.
2. Að það sé líklegt, í tilviki skulda annarra en óvissra skulda, að nota þurfi eignir til að gera upp skuldbindingarnar og einnig þarf að vera hægt að meta gangvirði skuldarinnar á áreiðanlegan hátt.
3. Að hægt sé að meta gangvirði óvissra skulda og óefnislegra eigna á áreiðanlegan hátt.⁷⁷

8.2 Reikningshaldsleg meðferð viðskiptavildar við sameiningu

Á yfirtökudegi á yfirtökufélag að færa viðskiptavild sem eign og er eignin fjárhæð kaupverðs umfram hlutdeild í gangverði keyptra eigna, skulda og ábyrgðarskuldbindinga. Eftir upphaflega skráningu í samræmi við staðalinn skal viðskiptavild skráð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.⁷⁸

Ef gangverð eigna, skulda og ábyrgðarskuldbindinga er umfram kaupverð þá ber yfirtökufélagi að yfirfara og endurmeta áður ákvarðað gangverð og kostnað við sameininguna. Ef kaupverð er ennþá lægra eftir yfirferðina þá ber að færa mismuninn til tekna í rekstrarreikning og skal miða við yfirtökudag. Til að finna út hvort viðskiptavild sem myndast við samruna hafi rýrnað í verði þarf að dreifa henni á einstakar rekstrareiningar, einnig nefnt fjárskapandi einingar.⁷⁹

⁷⁶ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 7

⁷⁷ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 7

⁷⁸ Jón Sigurður Helgason. (2005). Bls. 8

⁷⁹ Deloitte. (2004). Bls. 3



9 Umfang viðskiptavildar hjá íslenskum fyrirtækjum

Verðmæti viðskiptavildar hefur aukist til muna á undanförunum árum hjá íslenskum félögum sem hafa skráð hlutabréf sín eða skuldabréf í Kauphöll Íslands. Sem dæmi má nefna að milli áranna 2006 og 2007 hækkaði samtals bókfærð viðskiptavild hjá tuttugu félögum í Kauphöllinni úr 511,7 milljörðum í 931,5 milljarða króna. Þetta er nánast tvöföldun eða um 82% hækkun. Á sama tíma hækkuðu heildareignir um tæp 40%.⁸⁰

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir heildareignir, eigið fé og viðskiptavild sjö skráðra félaga í Kauphöll Íslands á árinu 2007. Þar vekur athygli að hjá þremur af þessum sjö félögum er viðskiptavild hærri en eigið fé félaganna. Hjá Bakkavör er verðmæti viðskiptavildar nánast þrefalt eigið fé félagsins og hjá Actavis rúmlega helmingur heildareigna félagsins.

Tafla 1

Fjárhæðir eru í milljónum króna

2007	Actavis	Avion/Hf. Eimskipaf.Ísl	Bakkavör	Exista	Marel	Straumur	Össur	Samtala
Heildareignir	552.931	225.763	184.740	732.560	39.077	652.287	39.529	2.426.887
Eigið fé	274.524	41.269	34.720	216.617	16.628	143.393	15.560	742.711
Viðskiptavild	358.234	39.934	96.067	43.046	8.728	45.084	21.284	612.257
Hlutfall viðsk.vildar af heildareignum	65%	18%	52%	6%	22%	7%	54%	25%
Hlutfall viðsk.vildar af eigin fé	130%	97%	277%	20%	52%	31%	137%	82%

Upphæðir í töflu 1 eru fengnar úr ársskýrslum fyrirtækjanna fyrir árið 2007 og úr grein Aðalsteins Hákonarsonar „Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni“ sem birtist í fréttablaði Ríkisskattstjóra, Tíund, í desember 2008.

⁸⁰ Aðalsteinn Hákonarson. (2008). Bls. 11



9.1 Viðskiptavild 2007 – Sundurliðun

Í þessum kafla verður kafað dýpra í þær tölur sem fram koma í töflu 1, hvernig viðskiptavildin þróaðist á árinu 2007 og hvaða aðferðir eru notaðar við virðisrýrnunarprófin hjá þeim félögum þar sem unnt var að nálgast ársskýrslu vegna 2007. Ekki var í öllum tilvikum mögulegt að finna upplýsingar um virðisrýrnunarprófin í ársskýrslum félaganna.

Actavis

Ekki var unnt að nálgast ársskýrslu Actavis vegna ársins 2007 þar sem félagið var afskráð úr Kauphöll Íslands í júlí 2007. Ársskýrslan er því ekki opinber og af þeim sökum verður ekki nánari útlistun á viðskiptavild félagsins á árinu 2007.

Hf. Eimskipafélag Íslands

Hf. Eimskipafélag Íslands birti ársreikning sinn vegna ársins 2007 í evrum og var notast við gengi evru í janúar 2008 sem var 91,45 við umreikning á upphæðum hér að neðan. Viðskiptavild er tilgreind á eftirfarandi hátt í ársskýrslu félagsins:⁸¹

<i>Fjárhæðir eru í milljónum króna</i>	Viðskiptavild
Staða 1. nóvember 2006	22.406
Gjaldmiðlajöfnun á árinu	-2.267
Viðskiptavild sem varð til við kaup á félögum	22.506
Sala á árinu	-944
Virðisrýrnun	-102
Endurráðstöfun/úthlutun á óefnislegar eignir og aðrar eignir	-1.665
Staða 31. október 2007	39.934

Viðskiptavild félagsins er úthlutað á tvær einingar, vörustjórnun (*e. logistics*) og vöruflutninga (*e. shipping*).⁸²

Vörustjórnun (<i>e. logistics</i>)	21.064
Vöruflutningar (<i>e. shipping</i>)	18.870
Samtals	39.934

⁸¹ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 51

⁸² Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 52



Eftir 1. janúar 2004 er sá mismunur sem verður til við kaup Hf. Eimskipafélags Íslands á öðrum fyrirtækjum færður sem viðskiptavild. Það er að segja ef fyrirtækið kaupir annað fyrirtæki á hærra verði en sem nemur verðmæti eigna þess þá er sá mismunur færður sem viðskiptavild. Ef verðið er lægra en eignir fyrirtækisins þá verður til neikvæð viðskiptavild og er strax gert ráð fyrir henni í hagnaði eða tapi. Tekið er tillit til allra aðgreinanlegra eigna fyrirtækisins og einnig skulda og óvissra skulda við útreikning á kaupverði hins nýja fyrirtækis.⁸³ Aðrar óefnislegar eignir Hf. Eimskipafélags Íslands sem hafa takmarkaðan líftíma eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.⁸⁴ Þær eru afskrifaðar línulega á misjafnlega löngum tíma og fer það eftir nýtingartíma hvernar tegundar óefnislegra eigna. Sundurliðun á öðrum óefnislegum eignum og nýtingartíma þeirra er eftirfarandi:⁸⁵

Hugbúnaður	3-5 ár
Viðskiptasambönd	7 ár
Óefnislegar eignir tengdar markaðsmálum	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	5 ár

Í lok reikningsskilaárs voru gerð virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins eins og IFRS staðlarnir gera ráð fyrir. Við mat á virðisrýrnun var notast við vænt núvirt fjárstreymi.⁸⁶

Samkvæmt virðisrýrnunarprófi var virðisrýrnun ársins 102 milljónir króna og kom hún til vegna starfsemi vörugæmslu í Svíþjóð ásamt vörustjórnunarstarfsemi í Bandaríkjunum. Fjárstreymið var áætlað útfrá viðskiptaáætlun næsta árs og væntum vexti næstu fjögur árin. Í framtíðarfjárstreymi var gert ráð fyrir stöðugum hagvexti og var gert ráð fyrir 2,5% hagvexti á ári. Notast var við 13-14% forvexti til að reikna út endurheimtanlegt verð einingarinnar. Forvextir voru áætlaðir útfrá vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar félagsins (*e. weighted average cost of capital, WACC*).⁸⁷

⁸³ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 40

⁸⁴ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 40

⁸⁵ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 40

⁸⁶ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 52

⁸⁷ Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). Bls. 52



Ekki var að finna upplýsingar um hver vinnur virðisrýrnunarprófin fyrir Hf. Eimskipafélag Íslands í ársskýrslu 2007.

Bakkavör Group hf.

Bakkavör Group hf. birti ársreikning sinn vegna ársins 2007 í breskum pundum og var notast við gengi pundsins í janúar 2008 sem var 123,82 við umreikning á upphæðum hér að neðan. Viðskiptavild er tilgreind á eftirfarandi hátt í ársskýrslu félagsins:⁸⁸

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	Viðskiptavild	Viðskipta- samningar	Samtals
Staða 1. janúar 2007	87.666	734	88.400
Viðbætur og breytingar á mati gangverðs á árinu	7.809		7.809
Fyrningar á árinu		-142	-142
Staða 31. desember 2007	95.475	592	96.067

Bakkavör Group hf. metur allar eignir og skuldir við útreikning á kaupverði þeirra fyrirtækja sem það kaupir. Mismunurinn á gangverði, að frádregnum skuldum, og kaupverði er færður sem viðskiptavild á kaupdegi og er framkvæmt á henni virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.⁸⁹

Aðrar óefnislegar eignir sem verða til við sameiningar fyrirtækja eru skilgreindar og aðgreindar frá viðskiptavild í þeim tilvikum sem þær uppfylla kröfur um óefnislegar eignir og hægt er að finna út gagnverð á áreiðanlegan hátt. Kostnaðarverð slíkra óefnislegra eigna er gangverð þeirra á kaupdegi. Óefnislegar eignir sem Bakkavör Group hf. eignast við kaup á öðrum fyrirtækjum eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýnun á sama hátt og óefnislegar eignir sem fyrirtækið eignast á annan máta.⁹⁰ Aðrar óefnislegar eignir eru samningar vegna einkaleyfa og viðskiptasamningar og hafa þær takmarkaðan líftíma. Þær eru afskrifaðar línulega og fer árafjöldi eftir nýtingartíma þeirra sem er eftirfarandi:⁹¹

Samningar vegna einkaleyfa	18 mánuðir
Viðskiptasamningar	4-10 ár

⁸⁸ Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 121

⁸⁹ Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 132

⁹⁰ Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 117

⁹¹ Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 122-123



Fyrirtækið gerir virðisrýrnunarpróf árlega og jafnvel oftast ef ástæða er til að ætla að viðskiptavildin hafi rýrnað. Endurheimtanlegt verð fjárskapandi rekstrareiningar er ákvarðað með útreikningi á notkunarvirði eignarinnar. Mikilvægustu forsendurnar sem notaðar eru við þann útreikning eru forvextir, hagvaxtarprósentur og væntar breytingar á söluverði og beinum kostnaði á tímabilinu. Stjórnendur áætla forvexti með því að nota vexti fyrir skatta sem endurspeglar mat á markaðsvirði á tímavirði peninga og áhættunni sem fylgir fjárskapandi einingunum. Hagvaxtarprósentan er byggð á spá um vöxt greinarinnar. Við mat á væntum breytingum á söluverði og beinum kostnaði er horft á síðustu ár ásamt væntanlegum breytingum á markaði. Virðisrýrnunarprófið gaf ekki til kynna þörf á niðurfærslu á viðskiptavild félagsins á árinu 2007.⁹²

Utanaðkomandi sérfræðingar eru fengnir til að vinna virðisrýrnunarprófin fyrir Bakkavör Group hf.⁹³

Exista hf.

Exista hf. birti ársreikning sinn vegna ársins 2007 í evrum og var notast við gengi evru í janúar 2008 sem var 91,45 við umreikning á upphæðum hér að neðan. Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir eru tilgreindar á eftirfarandi hátt í ársskýrslu félagsins:⁹⁴

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	Viðskiptavild	Viðskipta- samningar	Vörumerki	Samtals
Staða 1. janúar 2007	42.506			42.506
Viðbætur og breytingar á mati gangverðs	165			165
Niðurfærsla v/dótturfél. sem var lagt niður	-393			-393
Kaupverð úthlutað á óefnislegar eignir	-549	530	18	0
Kaupverð úthlutað á aðrar eignir	-988			-988
Greiðsla á frestuðum skattaskuldum	274			274
Breytingar tengdar flutningi á eignum	-174			-174
Fyrningar á tímabilinu		55		55
Nettó gengismismunur	1.600			1.600
Staða 31. desember 2007	42.442	585	18	43.046

⁹² Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 121

⁹³ Bakkavör Group hf. (2008). Bls. 132

⁹⁴ Exista hf, (2008). Bls. 101



Óefnislegar eignir sem Exista hf. eignast við kaup á öðrum fyrirtækjum eru skilgreindar og aðgreindar frá viðskiptavild í þeim tilvikum þar sem þær uppfylla kröfur um óefnislegar eignir og hægt er að finna út gangverð þeirra á áreiðanlegan hátt. Kostnaðarverð slíkra óefnislegra eigna er gangverð þeirra á kaupdegi. Óefnislegar eignir sem Exista eignast við kaup á öðrum fyrirtækjum eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun á sama hátt og óefnislegar eignir sem Exista eignast á annan máta.⁹⁵

Óefnislegar eignir sem Exista hf. eignast á annan hátt en við kaup á fyrirtækjum eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Óefnislegu eignirnar eru afskrifaðar línulega og fer það eftir nýtingartíma þeirra á hve mörgum árum þær eru afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaraðferð óefnislegra eigna Exista hf. eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilaárs.⁹⁶ Þessar óefnislegu eignir eru viðskiptasamningar og vörumerki og eru þær afskrifaðar línulega á 15 árum.⁹⁷

Viðskiptavild er úthlutað á hverja fjárskapandi einingu félagsins sem ætlað er að njóti góðs af samlegðaráhrifum af sameiningunni. Gerð eru virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild hverrar einingar árlega, eða jafnvel oftari ef vísbendingar eru um að virði hennar hafi rýrnað.⁹⁸ Eftir kaupin á VÍS var þeirri viðskiptavildi sem myndaðist við kaupin dreift á fjárskapandi einingar fyrirtækisins. Notast var við „*purchase price allocation method*“ til að ákvarða dreifingu viðskiptavildar á þessar einingar. Í lok árs var gert virðisrýrnunarpróf á fjárskapandi einingum Lýsingar, Lífis og VÍS og kom í ljós að ekki var þörf á niðurfærslu viðskiptavildar þar sem bókfært verð var ekki umfram endurheimtanlegt verð eignanna.⁹⁹

Hvorki var að finna upplýsingar um hver vinnur virðisrýrnunarprófin né hvernig þau eru unnin hjá Exista í ársskýrslu 2007.

⁹⁵ Exista hf. (2008). Bls. 83

⁹⁶ Exista hf. (2008). Bls. 83

⁹⁷ Exista hf. (2008). Bls. 101

⁹⁸ Exista hf. (2008). Bls. 79

⁹⁹ Exista hf. (2008). Bls. 101



Marel hf.

Marel hf. birti ársreikning sinn vegna ársins 2007 í evrum og var notast við gengi evru í janúar 2008 sem var 91,45 við umreikning á upphæðum hér að neðan. Viðskiptavild er tilgreind á eftirfarandi hátt í ársskýrslu félagsins:¹⁰⁰

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	Viðskiptavild
Staða 1. janúar 2007	8.880
Úthlutun vegna sameiningar	-429
Gengismunur	-76
Viðbætur	358
Kostnaður vegna fyrningar	-5
Staða 31. desember 2007	8.728

Marel metur allar eignir og skuldir við útreikning á kaupverði þeirra fyrirtækja sem það kaupir. Mismunurinn á gangverði, að frádregnum skuldum, og kaupverði er færður sem viðskiptavild á kaupdegi. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun og árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni.¹⁰¹ Aðrar óefnislegar eignir eru einkaleyfi, vörumerki og leyfi og eru þessar eignir afskrifaðar línulega yfir nýtingartíma þeirra sem er aldrei lengri en átta ár.¹⁰² Í ársskýrslu fyrirtækisins var ekki að finna nánari upplýsingar um nýtingartíma hvorrar tegundar óefnislegra eigna.

Viðskiptavild er úthlutað á fjárskapandi einingar fyrirtækisins og svo er gert virðisrýrnunarpróf á henni árlega eða oftar ef tilefni er til. Úthlutunin á sér stað á þær fjárskapandi einingar sem líklegt þykir að komi til með að hagnast á sameiningunni þar sem viðskiptavildin varð til. Endurheimtanlegt verð fjárskapandi eininga er ákvarðað með útreikningi á notkunarvirði. Í þessum útreikningum er notast við áætlað greiðsluflæði fyrir skatt, byggt á fjárhagsáætlunum fyrir fimm ára tímabil. Fjárhagsáætlanir sem ná lengra en þessi fimm ár eru framreiknaðar með því að nota hagvaxtarprósentu 3-5%, brúttóhagnað 11-28% og forvexti 8-17,5%. Við ákvörðun um brúttóhagnað tók Marel hf. mið af frammistöðu undanfarinna ára ásamt væntingum um þróun

¹⁰⁰ Marel hf. (2008). Bls. 66

¹⁰¹ Marel hf. (2008). Bls. 52

¹⁰² Marel hf. (2008). Bls. 53



markaða.¹⁰³ Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild fyrir árið 2007 gaf ekki til kynna þörf á að færa niður viðskiptavild.¹⁰⁴

Starfsfólk KPMG vinnur virðisrýrnunarprófin fyrir Marel hf. en það fyrirtæki sér ekki um að endurskoða fyrirtækið í heild sinni. Það eru endurskoðendur hjá PricewaterhouseCoopers sem eru aðalendurskoðendur fyrirtækisins og þeir fá í hendur niðurstöður virðisrýrnunarprófanna og leggja mat á hvort þau séu raunhæf eður ei.¹⁰⁵

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.

Þar sem Fjármálaeftirlitið tók yfir Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf. þann 9. mars 2009 var ekki unnt að nálgast ársskýrslu félagsins. Því verður ekki nánari útlistun á viðskiptavild félagsins árið 2007.

Össur hf.

Össur hf. birti ársreikning sinn vegna ársins 2007 í dollurum og var notast við gengi dollars í janúar 2008 sem var 62,17 við umreikning á upphæðum hér að neðan. Viðskiptavild er tilgreind á eftirfarandi hátt í ársskýrslu félagsins:¹⁰⁶

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	Viðskiptavild
Staða 1. janúar 2007	19.683
Viðskiptavild sem varð til við kaup á félögum	446
Viðbætur vegna fyrri kaupa	64
Gengismunur	1.091
Staða 31. desember 2007	21.284

Þær óefnislegu eignir sem fyrirtækið eignast á annan hátt en með kaupum á öðrum fyrirtækjum eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun. Það sama á við um þær óefnislegu eignir sem Össur hf. eignast með kaupum á fyrirtækjum. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega yfir áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftaraðferð og áætlaður nýtingartími er endurskoðað í lok hvers reikningsskilaárs.¹⁰⁷

¹⁰³ Marel hf. (2008). Bls. 66

¹⁰⁴ Marel hf. (2008). Bls. 66

¹⁰⁵ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹⁰⁶ Össur hf. (2008). Bls. 86

¹⁰⁷ Össur hf. (2008). Bls. 75



Upplýsingar um aðrar óefnislegar eignir og nýtingartíma þeirra, ásamt upplýsingum um hver vinnur virðisrýrnunarprófin var ekki að finna í ársskýrslu 2007.

Viðskiptavild er úthlutað á fjárskapandi einingar fyrirtækisins og svo er gert virðisrýrnunarpróf á henni árlega eða oftar ef tilefni er til. Úthlutunin á sér stað á þær fjárskapandi einingar sem líklegt þykir að komi til með að hagnast á sameiningunni þar sem viðskiptavildin varð til.¹⁰⁸ Ekki var að finna skýringar á því hvernig virðisrýrnunarprófin eru unnin í ársskýrslu félagsins. Þar að auki fann höfundur ekki upplýsingar um hvort viðskiptavild félagsins hafi verið færð niður en það gefur til kynna að ekki hafi verið þörf á því fyrir árið 2007.

9.2 Viðskiptavild 2008

Heildarverðmæti viðskiptavildar félaganna í úrvalsvísitölunni fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 nam um 376 milljörðum króna og var um 37 milljörðum króna hærra en sem nam eigin fé félaganna. Eingöngu tvö félög voru með hærra eigið fé en sem nam bókfærðri viðskiptavild en það voru Exista hf. og Marel hf.¹⁰⁹ Hjá Exista hf. nam bókfærð viðskiptavild 42,6 milljörðum króna en eigið fé nam 281,3 milljörðum króna.¹¹⁰ Miðað við gengi evru 31. mars 2008. Hjá Marel hf. nam bókfærð viðskiptavild 11,8 milljörðum króna en eigið fé nam 21,7 milljörðum króna.¹¹¹ Miðað við gengi evru 31. mars 2008. Dæmi eru um að viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir séu um helmingur eigna sumra félaga í Kauphöllinni. Ástæða þess er sú að virðisrýrnunarprófin styðjast að miklu leyti við framtíðaráætlanir og ef þær áætlanir standast ekki þarf að færa viðskiptavild niður. Því getur sú staða komið upp að þegar harðnar á dalnum geti þessi niðurfærsla á viðskiptavild magnað upp neikvæða afkomu fyrirtækja þegar þau síst mega við því. Þetta er ekki síst áhugavert í dag í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa á íslenskum fjármálamarkaði. Virðisrýrnunarprófin eiga að sjá til þess að viðskiptavild sé niðurfærð ef tilefni þykir til þess en sú spurning vaknar óneitanlega um það hvort þær forsendur sem matsaðilar gefa sér við prófin séu ávallt réttar forsendur og hvort það sé ekki hætta á skekkjum við útreikninga vegna þess að prófin byggja að miklu leyti á framtíðartekjumöguleikum. Það kann því að vera erfitt að meta hvort sá rekstur sem tengist viðskiptavildinni standi undir verðmæti hennar, sérstaklega ef það verða slíkar hamfarir í fjármálaheiminum eins og urðu á árinu 2008.

¹⁰⁸ Össur hf. (2008). Bls. 73

¹⁰⁹ Viðskiptablaðið. (2008).

¹¹⁰ Exista. (2008). Bls. 5

¹¹¹ Marel hf. (2008). Bls.5



10 Marel hf.

Í þessum kafla verður fjallað nánar um eitt af þeim fyrirtækjum sem komu fram í kafla 9 en það er fyrirtækið Marel hf. Fyrirtækið er skráð í Kauphöll Íslands og hefur þar af leiðandi þurft að fylgja IFRS frá 1. janúar 2005. Fyrirtækið hefur farið sívaxandi frá stofnun þess árið 1983 og er í dag leiðandi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátækniþúnaðar fyrir matvælaíðnað. Frá og með árinu 2005 rekur Marel samstæðan 15 dótturfélög í Evrópu, Ástralíu, Rússlandi og Norður-Ameríku.¹¹² Nýjasta viðbótin í samstæðuna er hollenska fyrirtækið Stork Food Systems en það var keypt í maí 2008 og rúmlega tvöfaldaði veltu Marel hf. Einnig festi Marel hf. kaup á tveimur fyrirtækjum árið 2006, einu bresku og einu dönsku.¹¹³ Þar sem viðskiptavild er oft og tíðum stór hluti af kaupverði fyrirtækis hefur hún aukist töluvert í efnahagsreikningi Marel hf.

10.1 Áhrif innleiðingar IFRS á reikningsskil Marel hf.

Marel hf. hóf að gera reikningsskil sín samkvæmt IFRS að miklu leyti árið 2004 og var ástæðan sú að fyrirtækið vildi hafa samanburðarhæfar tölur við árið 2005 þegar að því kæmi að það væri orðin skylda að fylgja IFRS stöðlunum í einu og öllu.¹¹⁴ Í töflu 2¹¹⁵ má sjá samanburð á efnahagsreikningi 31.12.2004 fyrir og eftir að hann var endurmetinn samkvæmt IFRS.

Það voru fjórir þættir sem höfðu mest áhrif á afkomu og efnahag Marel hf. við innleiðingu IFRS. Hluti vöruþróunarkostnaðar var eignfærður, það er að segja sá kostnaður sem hægt er að rekja til vara er uppfylla skilyrði staðlanna og eru líklegar til að skila framtíðartekjum. Marel hf. eignfærði og afskrifaði að fullu á fimm árum 30 – 40% af heildarvöruþróunarkostnaði árána 2000 – 2004. Var það gert til að minnka áhrif af innleiðingunni. Áhrif breytinganna á efnahagsreikning 31.12.2004 var að meðal óefnislegra eigna var eignfærð vöruþróun sem nam 6 milljónum evra.¹¹⁶ Í dag er þessum málum háttað þannig hjá fyrirtækinu að það er byrjað að afskrifa um leið og einhver kostnaður er lagður í vöruþróun. Þróunartími verkefnis getur verið frá einu og upp í þrjú ár áður en varan er orðin söluhæf. Sá kostnaður sem fellur til á 1. ári er

¹¹² Marel Food Systems. (e.d.).

¹¹³ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹¹⁴ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹¹⁵ Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 4

¹¹⁶ Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 1



eignfærður og afskrifaður á því ári þó að þróunartími vörunnar sé lengri. Um það bil 50% af því sem Marel hf. ráðstafar til vöruþróunar í dag er eignfært og afskrifað línulega á 5 árum.¹¹⁷

Annar þáttur var að hætt var að afskrifa viðskiptavild og í stað beitt virðisrýrnunarprófi sem fjallað var um í kafla 7 í ritgerðinni. Eignfærð viðskiptavild hækkaði í endurmetnum efnahagsreikningi úr 7,7 milljónum evra í 7,9 milljónir. Tilefni til niðurfærslu viðskiptavildar var hvorki fyrir hendi í byrjun árs 2004 né í lok ársins.¹¹⁸ Marel hf. hefur ekki enn þurft að færa niður viðskiptavild og samkvæmt nýjasta ársreikningi fyrirtækisins, sem er vegna ársins 2008, var heldur ekki tilefni til niðurfærslu viðskiptavildar eftir að framkvæmt hafði verið virðisrýrnunarpóf á henni þar sem endurheimtanlegt verð hennar var töluvert hærra en bókfært verð.¹¹⁹ Virðisrýrnunarprófin eiga að tryggja það að viðskiptavildin standi undir þeim verðmætum sem á hana eru sett. Ef fyrirtæki er að skila í samræmi við áætlanir, það er að segja skila afkomu sem þykir viðunandi og gerðar eru kröfur til þá er viðskiptavildin raunveruleg eign. En verðmæti þess háttar eigna er mjög sveiflukennt og fer það að miklu leyti eftir því hvernig þau fyrirtæki sem standa á bakvið hana eru verðlögð á markaði.¹²⁰

Þriðji þátturinn var að afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna var breytt þannig að þeir eru afskrifaðir á áætluðum líftíma niður í áætlað hrakvirði og fjórði þátturinn var að gengismunur vegna dótturfélaga sem gerð eru upp í öðrum myntum en evrum, og eru með samþætta starfsemi með móðurfélaginu, yrði færður yfir í eigið fé í endurmetnum reikningsskilum í stað þess að færa hann í rekstrarreikning.¹²¹ Ekki verður fjallað nánar um afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eða gengismun vegna dótturfélaga sem gerð eru upp í öðrum myntum en evrum.

¹¹⁷ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹¹⁸ Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 2

¹¹⁹ Marel hf. (2009). Bls. 54

¹²⁰ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹²¹ Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 2



10.2 Efnahagsreikningur Marel hf. 31.12.2004

Í töflu 2¹²² má sjá efnahagsreikning Marel hf. frá því 31.12.2004, fyrir og eftir þær breytingar sem gerðar voru í samræmi við IFRS. Töluverð hækkun varð á óefnislegum eignum og þar af nam hækkunin á eignfærðri viðskiptavild 200 þúsund evrum¹²³ og er skýringin sú að hún var ekki afskrifuð. Tilefni til niðurfærslu viðskiptavildarinnar var ekki til staðar.

¹²² Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 4

¹²³ Marel hf. Fréttatilkynning. (2005). Bls. 2



Tafla 2

Efnahagsreikningur 31.12.2004			
Fjárhæðir í þúsundum evra	Endurmetinn	Upphaflegur	Breyting
Eignir			
<i>Fastafjármunir</i>			
Óefnislegar eignir.....	14.221	8.556	5.665
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	31.847	31.792	55
Fjárfestingaverðbréf.....	753	753	-
langtímakröfur.....	92	92	-
Frestaðar skattinneignir.....	1.334	1.020	314
Fastafjármunir samtals	48.247	42.213	6.034
<i>Veltufjármunir</i>			
Birgðir.....	21.166	22.269	-1.103
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun.....	5.859	5.859	-
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur.....	15.844	15.844	-
Handbært fé.....	4.366	4.366	-
Veltufjármunir samtals	47.235	48.338	
Eignir samtals	95.482	90.551	4.931
Eigið fé			
Hlutfé.....	2.637	2.637	-
Yfirverðsreikningur hlutafjár.....	9.059	9.059	-
Eigin hlutabréf.....	-75	-75	-
Varasjóðir.....	-408	-1.450	1.042
Óráðstafað eigið fé.....	22.050	19.188	2.862
Eigið fé samtals	33.263	29.359	3.904
Skuldir			
<i>Langtímaskuldir</i>			
Lántökur.....	31.442	31.442	-
Frestaðar skattaskuldbindingar.....	3.349	2.322	1.027
Langtímaskuldir samtals	34.791	33.764	
<i>Skammtímaskuldir</i>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir...	19.450	19.450	-
Ógreiddir skattar.....	328	328	-
Lántökur.....	7.024	7.024	-
Aðrar skuldbindingar.....	626	626	-
Skammtímaskuldir samtals	27.428	27.428	-
Skuldir samtals	62.219	61.192	1.027
Eigið fé og skuldir samtals	95.482	90.551	4.931



11 Ástæður fyrir hækkun á viðskiptavild

Mikil hækkun hefur orðið á bókfærðri viðskiptavild hjá íslenskum félögum á undanförunum árum eins og fram hefur komið fyrir í ritgerðinni. En hverjar eru ástæðurnar sem liggja að baki þessum hækkunum? Í þessum kafla verða nefnd nokkur atriði sem geta varpað ljósi á málið. Þau félög sem fara eftir IFRS eru hætt að afskrifa viðskiptavild og gera í stað þess virðisrýrnunarpróf á henni að minnsta kosti einu sinni á ári til að kanna hvort þörf sé á niðurfærslu viðskiptavildarinnar. Íslensk fyrirtæki hafa lítið sem ekkert fært niður viðskiptavild sína á undanförunum árum¹²⁴ en vísbendingar eru um að farið hafi verið á svig við reglur, og fyrirtæki komist upp með það, og viðskiptavildinni haldið hári í bókhaldinu til að verðmæti fyrirtækisins sýnist meira, þrátt fyrir taprekstur. Er það gert til að auka lánstraust fyrirtækisins hjá lánastofnunum. Þó er ekki verið að halda því fram að það séu aldrei nein verðmæti í viðskiptavild, þvert á móti. Einnig ber að geta þess að viðskiptavild er ekki það eina sem horft er til þegar kemur að ákvörðunum lánveitenda og fjárfesta. Afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliðir, sjóðstreymi og ýmsar aðrar upplýsingar sem er að finna í ársreikningum fyrirtækja eru einnig notaðar sem mælikvarðar á verðmæti félagsins. En þar sem virðisrýrnunarprófin ganga að miklu leyti út á framtíðarspár og vænt framtíðarsjóðstreymi þá er erfitt að meta raunverulegt virði hennar og hvort reksturinn, sem viðskiptavildinni var úthlutað á, standi undir verðmæti hennar.¹²⁵ Þó lítur út fyrir að í mörgum tilfellum hafi verðmæti viðskiptavildar eingöngu verið til á pappírnum og engin raunveruleg verðmæti hafi falist í henni.¹²⁶ Segja má að fyrirtæki hafi verið að byggja sér spilaborg sem ekki hafði nægilega góðar undirstöður.

Einnig ber að nefna þann leik sem mörg íslensk félög hafa leikið á undanförunum árum og það er að kaupa eignir á yfirverði og færa mismuninn sem viðskiptavild. Þá myndast þrýstingur á fyrirtæki sem eru með háa viðskiptavild að sýna fram á meiri hagnað og arðsemi en önnur fyrirtæki í sama rekstri¹²⁷ og því má ætla að það þyki freistandi að reyna að færa viðskiptavild sem minnst niður í bókhaldi fyrirtækisins. Eignatengsl íslenskra félaga eru oft og tíðum mjög flókin og gefur það mönnum færi á að ýkja eigið fé þeirra án þess að hægt sé að bera kennsl á blekkinguna og í mörgum tilfellum stendur reksturinn ekki undir himinhárra viðskiptavildinni. Þá

¹²⁴ Viðskiptablaðið. (2008).

¹²⁵ Kristján Þorsteinsson. (Munnleg heimild, 15. janúar 2009).

¹²⁶ Gylfi Magnússon. (2009).

¹²⁷ Jóhannes Valdemarsson. (2009).



komum við að öðru fyrirbæri sem hefur verið nefnt skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni.¹²⁸ Það gengur þannig fyrir sig að menn kaupa fyrirtæki og láta fyrirtækin sjálf, sem keypt voru, greiða kaupverðið í gegnum eignalausá samruna. Þannig eru skuldir hengdar á fyrirtækin með samruna eftir kaupin, fyrirtækin sett á markað og hlutirnir í þeim seldir á mun hærra verði en keypt hafði verið á.¹²⁹ Til að útskýra þetta nánar er hér dæmi: (Stuðst var við grein Aðalsteins Hákonarsonar „Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni“ sem birtist í fréttablaði Ríkisskattstjóra, Tíund, í desember 2008.)

Fjársterkum aðila, sem við nefnum Jón, líst vel á eitthvað tiltekið fyrirtæki, sem við nefnum Olúborun, og álitur það vænlegan fjárfestingarkost. Hann setur sig í samband við eigendur Olúborunar og samningar takast með þeim. Þá stofnar Jón sérstakt félag, Gildi Group, sem fær það hlutverk að kaupa Olúborun og því verður Gildi Group yfirtökufélagið í viðskiptunum. Jón leggur fram hlutafé til Gildis Group, 1/3 af kaupverði Olúborunar, og tekur lán fyrir eftirstöðvunum af kaupverðinu sem er 2/3. Það er síðan greitt til fyrrum hluthafa Olúborunar. Í kjölfar kaupanna eru Olúborun og Gildi Group sameinuð undir nafni Olúborunar og þannig verður Olúborun allt í einu yfirtökufélagið í samrunaferlinu. Skuldir Gildis Group flytjast inn í Olúborun og með því vaxa skuldir Olúborunar um 2/3 af kaupverðinu án þess að eign komi þar á móti þar sem eina eign Gildis Group var eignarhlutur í Olúborun og Olúborun getur ekki átt hlut í sjálfu sér að loknum samrunanum. En Jón er klár karl og færir því upp eign sem hann kallar viðskiptavild í ársreikningnum á móti skuldunum. Það gerir hann til að ekki sjáist hvernig skerðingin á eigin fé vegna skuldsetningarinnar fer með efnahagsreikning Olúborunar. Því næst er Olúborun skráð á markaði sem álitlegur fjárfestingarkostur á gengi sem er mun hærra en upprunalega gengið sem keypt var á, þrátt fyrir skuldsetninguna.¹³⁰ Að mörgu leyti hefði verið réttara að færa skuldayfirárluna frá Gildi Group til Olúborunar sem lækkun á eigin fé Olúborunar. Í reikningsskilastaði IAS 38 – Óefnislegar eignir kemur fram að ekki sé heimilt að færa viðskiptavild, sem verður til innan rekstrareiningar, til eignar sem óefnislega eign.¹³¹ Því vaknar óneitanlega sú spurning hvort það sem lýst er hér að framan sé brot á þessari reglu.

¹²⁸ Aðalsteinn Hákonarson. (2008). Bls. 9

¹²⁹ Aðalsteinn Hákonarson. (2008). Bls. 9

¹³⁰ Aðalsteinn Hákonarson. (2008). Bls. 9

¹³¹ Epstein, Jermakowicz. (2008). Bls. 299



Þau atriði sem talin eru upp hér að ofan sem mögulegar ástæður fyrir hækkun á viðskiptavild í bókhaldi íslenskra félaga eru ekki tæmandi. Hugsanlega er hægt að nefna ýmsar aðrar ástæður en höfundur taldi þessar líklegastar.



12 Niðurstöður

Sú rannsóknarspurning sem höfundur lagði upp með í byrjun ritgerðar er svohljóðandi:

„Hvaða breytingar hafa orðið á meðhöndlun viðskiptavildar í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja eftir innleiðingu IFRS og hverjar eru helstu ástæður fyrir hækkun á henni undanfarin ár?“

Með tilkomu IFRS var komið á fót einu allsherjar regluverki er varðar grundvallarreglur við gerð reikningsskila. Tilgangurinn var að auka samanburðarhæfni félaga, viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum og vernda hagsmuni fjárfesta svo fátt eitt sé nefnt. Höfundur kynnti sér þá staðla sem tengjast viðfangsefni þessarar ritgerðar en þeir eru IAS 38 – Óefnislegar eignir, IAS 36 – Virðisýrnun eigna og IFRS 3 – Sameiningar fyrirtækja. Staðlar þessir eru langir og ítarlegir og höfundur þykir ljóst að fyrirtæki hafa þurft að gera margvíslegar breytingar á reikningsskilum sínum í kjölfar innleiðingar þeirra.

Helstu breytingar sem orðið hafa á meðhöndlun viðskiptavildar eru þær að hún er ekki lengur afskrifuð línulega á að hámarki 20 árum heldur er framkvæmt á henni virðisýrnunarpróf og viðskiptavildin færð niður ef niðurstöður prófsins sýna að hún hafi rýrnað í verði. Virðisýrnunarpróf ber að gera að minnsta kosti einu sinni á ári og jafnvel oftari ef tilefni þykir til og einnig er mikilvægt að gera prófið á sama tíma á hverju ári. Eign er sögð hafa rýrnað í verði ef endurheimtanlegt verð hennar er lægra en bókfært verð. Með endurheimtanlegu verði er átt við annað hvort hreint söliverð eigna að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði hennar. Ef ekki er hægt að nálgast hreint söluvirði eignar þá telst endurheimtanlegt verð vera nýtingarvirði hennar. Nýtingarvirði eignar er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar. Við útreikning á nýtingarvirði þarf einnig að taka tillit til væntinga um mögulegt flókt í framtíðarsjóðstreymi og tímavirði peninga. Ef í ljós kemur að virðisýrnun hefur átt sér stað á viðskiptavild ber að færa lækkunina til gjalda í rekstrarreikningi og ekki er heimilt að bakfæra áður gjaldfærða virðisýrnun. Þó svo að virði hennar hækki á nýjan leik. Kostir og ókostir fylgja þessari nýju aðferð og eru kostirnir helstir þeir að eigendur og lánardrottinnar fá betri upplýsingar um hvers virði eignir félaganna eru og einnig leiðir virðisýrnunarprófið fyrr í ljós ofmat við yfirtöku félaga og er það gjaldfært strax í stað þess að gjaldfæra það á mörgum árum eins og tíðkaðist áður. Ókostirnir eru þeir að við virðisýrnunarpróf þarf að gefa sér forsendur um framtíðina, varðandi sjóðstreymi og fleira og eykur það hættuna á skekkjum við útreikninga.



Mörg félög þurfa að fá utanaðkomandi aðila til að vinna virðisrýrnunarprófin fyrir sig og getur það verið mjög kostnaðarsamt og telst það því einnig til ókostar. Þó getur það einnig talist kostur að utanaðkomandi aðili vinni prófin þar sem oftast er sá aðili sem fenginn er til verksins óháður. Það ætti að koma í veg fyrir að stjórnendur reyni að fegra stöðu viðskiptavildar í bókhaldi sínu.

Meðferð viðskiptavildar við sameiningar fyrirtækja hefur einnig breyst. Á yfirtökudegi á yfirtökufélag að færa viðskiptavild sem eign og er eignin fjárhæð kaupverðs umfram hlutdeild í gangverði keyptrar eigna, skulda og ábyrgðarskuldbindinga. Eftir upphaflega skráningu í samræmi við staðalinn skal viðskiptavild skráð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild íslenskra félaga í Kauphöll Íslands hefur hækkað mikið undanfarin ár og sem dæmi má nefna þá hækkaði hún um 82% á milli árána 2006 og 2007. Hjá þremur af þeim sjö félögum sem höfundur skoðaði var viðskiptavildin hærri en eigið fé félagsins og hjá sömu þremur félögum, Actavis, Bakkavör Group hf. og Össuri hf., var hlutfall viðskiptavildar yfir 50% af heildareignum þeirra. Við lestur ársskýrslna félaganna kom í ljós að misjafnt var hversu ítarlegar upplýsingar var að finna varðandi meðhöndlun viðskiptavildar, virðisrýrnunarprófin og fleira er tengist henni.

Höfundur kannaði ástæður fyrir hækkun á viðskiptavild og komst að því að þrjár ástæður hafa helst verið nefndar. Sú fyrsta er að fyrirtæki hafi hreinlega farið á svig við reglur og haldið viðskiptavild hárrí í bókhaldi fyrirtækisins til að verðmæti þess sýnist meira, þrátt fyrir taprekstur. Þar sem virðisrýrnunarprófin ganga að miklu leyti út á vænt framtíðarsjóðstreymi þá er erfitt að meta raunverulegt virði viðskiptavildar og hvort sá rekstur sem henni var úthlutað á standi undir verðmæti hennar. Þá vaknar upp sú spurning hvort þær forsendur sem matsaðilar gefa sér séu í öllum tilvikum réttar. Önnur ástæðan er tengd þeim leik sem mörg íslensk félög hafa leikið á undanförunum árum en sá er að kaupa eignir á yfirverði og færa mismuninn á viðskiptavild. Eignatengsl íslenskra félaga eru mjög flókin og gefur það mönnum tækifæri til að ýkja eigið fé þeirra án þess að mögulegt sé að bera kennsl á það sem mætti kalla blekkingu. Með aukinni bókfærðri viðskiptavild myndast þrýstingur á fyrirtæki að sýna fram á meiri hagnað og arðsemi en önnur fyrirtæki í sama rekstri. Því má ætla að það sé freistandi að reyna að færa viðskiptavild sem minnst niður í bókhaldi fyrirtækisins. Þriðja ástæðan er fyrirbæri sem nefnt hefur verið skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni sem gengur þannig fyrir sig að menn kaupa



fyrirtæki og láta fyrirtækin sjálf, sem keypt voru, greiða kaupverðið í gegnum eignalausán samruna. Af ofangreindu má dæma að einhvers staðar hefur regluverkið og eftirlitið brugðist þrátt fyrir að búið sé að innleiða IFRS hér á landi og þykir höfundu ljóst að mikilvægt er að herða eftirlit með því hvort þau fyrirtæki sem ber að fylgja IFRS fari eftir þeim í einu öllu eins og þeim ber skylda til samkvæmt lögum og reglum.



13 Lokaorð

Þar sem skráð félög afskrifa ekki lengur viðskiptavild sína þá getur það verið ákveðinn hvati fyrir þau að kaupa góð fyrirtæki og þá skiptir jafnvel ekki höfuðmáli þótt þau séu verðlögð hátt. Þar sem félagin geta fært yfirverðið sem viðskiptavild í efnahagsreikningum sínum. Einnig geta þau fært allan þann kostnað sem fellur til við kaupin inn í viðskiptavildina og þurfa ekki að færa hann niður ef fyrirtækið sem viðskiptavildinni var úthlutað á gengur vel. Oft þarf að kaupa ýmsa sérfræðipjónustu þegar verið er að kaupa fyrirtæki, til að mynda þjónustu endurskoðenda og lögfræðinga svo eitthvað sé nefnt. Ekki er leyfilegt að færa inn í viðskiptavildina þann kostnað sem fellur til innan fyrirtækisins við kaupin og því má ætla að stjórnendur fyrirtækja séu ekki mjög viðkvæmir fyrir því að þurfa að kaupa utanaðkomandi þjónustu. Þannig má með öðrum orðum segja að verið sé að búa til ákveðinn hvata fyrir fyrirtæki að öll þessi þjónusta sé aðkeypt og verðið skiptir litlu máli þar sem hægt er að færa kostnaðinn inn í viðskiptavildina. Þá vaknar óneitanlega sú spurning um það hvort þeir sem semja staðla á borð við IFRS, það er að segja endurskoðendur og lögfræðingar, hafi mestu hagsmuna að gæta. Þar sem það eru þeir sem veita ráðgjöf varðandi kaup á fyrirtækjum og öðru slíku.

Mikilvægt er að lög og reglur varðandi reikningsskil fyrirtækja séu skýrar og skiljanlegar öllum, ekki eingöngu sérfræðingunum sem hafa margra ára reynslu og kunnáttu í faginu. Það eru margir sem lesa ársreikninga fyrirtækja og mikilvægt er að upplýsingar um afkomu þeirra séu ekki villandi fyrir almenning.



14 Heimildaskrá

- Aðalsteinn Hákonarson. (2008). *Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni*. Reykjavík: Tíund, Fréttablað Ríkisskattstjóra.
- Anna G. Tryggvadóttir, Erling Tómasson. (2009). *Viðskiptavild. Námskeið á vegum FLE*. Sótt þann 3. maí 2009 af:
http://www.fle.is/fle/upload/files/efni_fra_radstefnum/annad/namskeid_20009/vidskiptavild_150109.pdf
- Bakkavör Group hf. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Bakkavör Group hf.
- Deloitte fréttabréf. (2004). *IAS PLUS, sérhefti um IFRS 3*. Reykjavík: Deloitte hf.
- Deloitte IAS PLUS. (e.d.). *Summaries of International Financial Reporting Standards*. Sótt þann 28. mars 2009 af:
A. *IAS 38 Intangible Assets*. <http://www.iasplus.com/standard/ias38.htm>
B *IAS 36 Impairment of Assets*. <http://www.iasplus.com/standard/ias36.htm>
C *IFRS 3 Business Combinations* <http://www.iasplus.com/standard/ifrs03.htm>
- Einkaleyfastofan. (e.d.). Sótt þann 15. mars 2009 af:
A. *Einkaleyfi á Íslandi*. <http://patent.is/einkaleyfi/saekjaum/>
B. *Endurnýjun vörumerkja*. <http://patent.is/merki/vorumerki/endurnyjun/>
- Epstein, Jermakowicz. (2008). *IFRS 2008, Interpretation and Application og International Financial Reporting Standards*. New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Erling Tómasson. (2008). *Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS Specialist Services)*. Sótt þann 17. mars 2009 af:
<http://www.deloitte.com/dtt/article/0,10052,sid%253D30466%2526cid%253D181439,00.html>
- Exista hf. (2008). *Árshlutaskýrsla. 1. fjórðungur 2008*. Reykjavík: Exista hf.
- Exista hf. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Exista hf.
- Gylfi Magnússon. (2009). *Bankarnir bjuggu til eigið fé með kúntum*. Sótt þann 10. apríl 2009 af: <http://www.visir.is/article/20090325/FRETTIR01/884411537>
- Halldór Arason. (2005). *Virðisrýrnun eigna. Deloitte*. Sótt þann 28. mars af:
http://www.fle.is/fle/upload/files/efni_fra_radstefnum/reikningsskiladagur/18_11_2005/halldor_arason_virdisryrnun.pdf
- Háskólinn í Reykjavík. (2006). *Þekkingin og stjórnun hennar*. Sótt þann 15. mars 2009 af:
<http://www.ru.is/?NewsID=749&PageID=1349>
- Hf. Eimskipafélag Íslands. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Hf. Eimskipafélag Íslands.



- Jóhannes Valdemarsson. (2009). *Skipulagðar blekkingar*. Sótt þann 10. apríl 2009 af: <http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html>
- Jón Sigurður Helgason. (2005). *Alþjóðlegir reikningskilastaðlar IFRS/IAS, samantektir*. Reykjavík: KPMG.
- Jón Ágeir Tryggvason. (1998). *Viðskiptavild. Úr Tíund í maí 1998*. Sótt þann 18. mars 2009 af: http://www.rikisskattstjori.is/show.asp?url=/tiund/tiund_1998_mai_vidskiptavild.asp&val=8.0
- Kimmel, Weygandt, Kieso. (2007). *Financial Accounting. (4. útgáfa)*. New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Kotler, Keller. (2006). *Marketing Management. (12. útgáfa)*. New Jersey: Pearson Education Inc.
- Marel Food Systems. (e.d.). *Um Marel*. Sótt þann 4. apríl 2009 af: <http://marel.is/Um-Marel/>
- Marel hf. (2005). *Fréttatilkynning 4. apríl 2005*. Reykjavík: Marel hf.
- Marel hf. (2008). *Árshlutaskýrsla. 1. fjórðungur 2008*. Garðabær: Marel hf
- Marel hf. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Garðabær: Marel hf.
- Ríkisskattstjóri. (e.d.). *Félög með alþjóðlega reikningskilastaðla*. Sótt þann 7. mars 2009 af: http://www.rikisskattstjori.is/birta_sidu.asp?vefslod=/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra_listi.asp&val=18.0&r=&ar=2007
- Samtök verslunar og þjónustu. (e.d.). *Viðskiptasérleyfi (Franchising)*. Sótt þann 15. mars 2009 af: <http://www.svth.is/content/view/175/62/>
- Sekaran. (2000). *Research Methods for Business*. New York: John Wiley & Sons, Inc.
- Sigurður Þórðarson. (2004). *Innleiðing alþjóðlegra reikningskilastaðla á Íslandi*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Sjónarhóll, 7. tbl. (2005). *IFRS og viðskiptavild*. Reykjavík: KPMG á Íslandi.
- Sjónarhóll, 6. tbl. (2005). *Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild*. Reykjavík: KPMG á Íslandi.
- Viðskiptablaðið. (2008). *Harðari tímar munu líklega höggva skarð í viðskiptavild fyrirtækja*. Sótt þann 9. apríl 2009 af: <http://www.vidskiptabladid.is/frett/1/44550/>



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY